

# Nesfréttir

OKTÓBER 2022 • 10. TBL. • 35. ÁRG. • borgarblod.is

Erum einnig á visir.is



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



## Bógomil og Baldvin á bókasafinu

Bógomil Font og Baldvin Hlynsson píanóleikari og kennari í Tónlistarskóla Seltjarnarness héldu tónleika í bókasafni Seltjarnarnes á dögnum. Hér má sjá Bógomil taka lagið og Baldvin leika undir. Góður rómur var gerður að þessum skemmtilega viðburði. Sjá nánar á bls. 2.



## Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



AFGREIÐSLUTIMI  
mán. – fös. kl. 8–16:30



Frumherji

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



## Fáðu lyfin send heim FRÍTT

REYKJAVÍKUR APÓTEK

Héðinshúsinu Seljavegi 2 | 522 8400

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTURUVÖRUR

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

## Leiðari

### Fara bæjarskrifstofurnar á Eiðistorg?

Þær óstaðfestu fregnir hafa borist að áhugi sé fyrir því innan bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar að flytja skrifstofur bæjarfélagsins á Eiðistorg. Sé rétt eru þetta einhver áhugaverðustu tíðindi sem lengi hafa borist frá þeim bæ.

Á Eiðistorgi er mikið af ónotuðu húsnæði. Rými þar sem stór starfsstöð Íslandsbanka var áður en mest öll þjónuta hans var færð á starfrænt form fyrir einkatölvur viðskiptavina.

Tengt því er einnig húsnæði sem lögreglan á Seltjarnarnesi hafði til afnota á meðan löggæslu naut þar við á heimavísu.

Umrætt húsnæði er ekki í notkun og gapa tómir gluggar á mótí þeim sem leið eiga um torgið.

Sami eigandi er að þessu húsnæði og hefur lagt mikið til uppbyggingar á Eiðistorgi. Verulegar líkur er til að unnt yrði fyrir bæjarfélagið að ná leigusamningi – jafnvægi til lengri tíma.

Með þessu myndu skapast aðstæður til að selja húsnæði bæjarfélagsins við Austurströnd. Fá fjármuni sem létta myndu erfiðan rekstur.

Flyttu skrifstofur bæjarfélagsins á Eiðistorg myndu mannaferðir aukast og meira líf kvikna á torginu þar sem oft hefur verið fáferðugt til þessa. Með þessu yrði bærinn kominn í miðbæinn.

## Bogomil Font og Baldvin Hlynsson slógu í gegn



Gestir höfðu hina bestu skemmtun af tónleikumum.

Mikil stemning var á bókasafninu þegar að þeir félagarnir Bogomil Font og Baldvin Hlynsson píanóleikari og kennari í Tónlistarskóla Seltjarnarness skemmtu gestum með tónlist og léttu spjalli á fyrstu Tónstafa tónleikum vetrarins í Bókasafni Seltjarnarness.

Þeir tóku þekkt lög úr ýmsum áttum eins og t.d. Við gengum tvö, Þvo sér um hendur, Marsbúa tja tja tja, Hæ Mambo. Virkilega gaman enda gátu áheyrendur ekki annað en sungið með, dillað sér, brosað og hlegið á þeim huggulega hálf tíma sem Tónstafir stóðu yfir.

Tónstafir er gjöfult samstarfsverkefni Bókasafns Seltjarnarness og Tónlistarskóla Seltjarnarness sem á sér nokkurra ára sögu. Gestum og gangandi er boðið upp á þrenna ólíka tónleika að hausti og þrenna eftir áramót. Við hvetjum bæjarbúa til að láta Tónstafi á bókasafninu ekki framhjá sér fara. Næstu Tónstafir verða fimmtudaginn 10. nóvember þegar að boðið verður upp á amerískan jazz frá kl. 17.30 til 18.00.

### Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttínga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.

**BGS** **Framfarissamband fyrirtækis** **2020** **2021**

**SÍMÁ** **TM** **VÍS** **Vörður**

Hafðu samband núna

Dröghóls 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

### Við þjónustum allar gerðir bíla

**Tjónaskoðun**  
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarféлага.

**Rétting og málun**  
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

**Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir**

**Erum með bílaeigubíla á staðnum**

**Vinnum með öllum bílaumboðum**





# DAGSKRÁ NÓVEMBER 2022



20. okt. – 12. nóv.



## GALLERÍ GRÓTTA SÝNING

**Þorbjörg Þórðardóttir**  
textillistakona sýnir verk sín  
**Listvegnaður og blönduð tækni.**



1. - 30. nóv.

**RATLEIKUR / SPURNINGALEIKUR**  
Á bókasafninu er hægt að finna nokkra galdragripi frá Hogwarts-skóla. Getið þið fundið þá?



7. nóv. kl. 20:00 - 22:00

**SELGARNANES OG NÁGRENNI**  
Áhugafólk um hannyrðir hittist, hjálpast að og deilir hugmyndum. Nánar á FB: **SelGARNanes og nágrenni**




7. nóv. kl. 19:30 - 20:30

## BÓKMENNTAKVÖLD



**Árni Árnason** rithöfundur les upp úr og fjallar um bók sína **Vængjalaus**. „Sögupráðurinn og frásagnarform bókarinnar heldur lesandanum við efnið alla bókina þar sem þetta verður jafnvel eins og spennusaga ...“



[www.lestrarklefinn.is](http://www.lestrarklefinn.is)

9. nóv. kl. 17:00 - 17:30

**SÖGUSTUND FYRIR YNGSTU BÖRNIN**  
Lesnar verða sögurnar **Ég vil fisk** eftir Áslaugu Jónsdóttur og **Snuðra og Tuðra missa af matnum** eftir Iðunni Steinsdóttur og Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur.



10. nóv. kl. 17:30 - 18:00



## TÓNSTAFIR

**Amerískur JAZZ** á bókasafninu með þeim **Sverri Arnari, Guðmundi Brynjari og Kristni Rúnari**, nemendum í tónlistarskólanum. **Kári Húnfjörð** leikur með þeim.

12. nóv. kl. 11:00 - 14:00

## FÖNDUR HARRY POTTER BÓKAMERKI

**Sæunn barnabókavörður** býður börnum og fjölskyldum þeirra að gera skemmtilegt föndur.



16. nóv.

## DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

**Ljóð Jónasar Hallgrímssonar.**

Framsetning bóka og ljóða eftir skáldið ásamt ýmiskonar orðaleikjum og þrautum í tilefni dagsins.



17. nóv. kl. 17:00

## GALLERÍ GRÓTTA SÝNINGAROPNUN

**Jón S. Thoroddsen** opnar sýningu sína **FLEIRI VERK**. Sýningin stendur til 10. desember.



19. nóv. kl. 11:30 - 12:30

## LESID FYRIR HUND

Börnum býst að lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti. Skráning: [saeunn.olafsdottir@seltjarnarnes.is](mailto:saeunn.olafsdottir@seltjarnarnes.is)



22. nóv. kl. 20:00 - 22:00

## RITHÖFUNDAKVÖLD

Okkar geysivinsæla rithöfundakvöld er fram undan. **Fjórir höfundar** munu þá lesa upp úr og ræða nýútkomnar bækur sínar. **Huldar Breiðfjörð** rithöfundur stýrir umræðum.

Boðið verður upp á veitingar í hléi.



Opnunartími: Mán. - fim. 10-18.30, fös. 10-17 og lau. 11-14



Sími: 5959-170, Netfang: [bokasafn@seltjarnarnes.is](mailto:bokasafn@seltjarnarnes.is) Bókasafn Seltjarnarness



**Bókasafn Seltjarnarness**

# Rekstraröryggi hitaveitunnar tryggt



Anton Sigurðsson pípulagningameistari við stjórnborðið í nýja borholuhúsinu.

Þau ánægjulegu tímamót urðu nú á dögnum þegar að nýja borhola hitaveitunnar SN-17 var tekin í notkun, en hún var sett inn á hitaveitukerfi bæjarins föstudaginn 14. október og fór í fullan rekstur þriðjudaginn 18. október eftir þrepa- og álagspróf.

Borholan kemur í stað borholu SN-4 sem boruð var árið 1972 og var ein af aðalhitaveituborholum Seltjarnarness allt þar til hún skemmdist vorið 2021 við það að dælurör slitnaði og dælan og 130 m af rörum féll ofan í holuna. Óhappið sem ekki var hægt að laga varð til þess að rekstraröryggi hitaveitunnar var ekki lengur fulltryggt og því ákváðu bæjaryfirvöld að endurbora holuna.

## Fjórar borholur í rekstri

Nýja borholan SN-17 er að skila rúmlega 30 l/s af rúmlega 100°C heitu vatni. Með tilkomu hennar hefur rekstraröryggi Hitaveitu Seltjarnarness nú verið tryggt og getur veitan haft 4 borholur í rekstri, þ.e. holurnar SN-5, SN-6, SN-12 og SN-17. Meðalnotkun Seltjarnarnesbæjar af heitu vatni er

rúmlega 50 L/s, en mesta notkun getur farið upp í allt að 90 L/s sem tryggir m.a. rekstraröryggi veitunnar.

## Flókið verkefni

Eins og gefur að skilja hefur verið um afar flókið og umfangsmikið verkefni að ræða sem þó hefur gengið vonum fram. „Risaborinn“ Sleiðir var m.a. notaður til verksins en með honum var borað niður á um 2057 metra dýpi og vinnslufóðring var í 400 m dýpi, en var 170 í gömlu holunni. Að borun lokinni tók við vinna sem fól í sér að prófa og virkja holuna, leggja lagnir, byggja borholuhús neðanjarðar o.s.frv. Seltjarnarnesbær þakkar öllum sem komið hafa að þessu flókna verki, bæði starfsmönnum þjónustumiðstöðvar og hitaveitu sem og hinum fjölmörgu utanaðkomandi sérfræðingum á mismunandi sviðum. Það er mikið gleðiefni að nýja borholan skuli vera komin í gagnið nú áður en að kaldasti tími ársins gengur í garð. Fram undan er frágangur á athafnasvæðinu í kringum borholuna og verður ásýndin vonandi komin í samt lag næsta sumar.



Katrín Eyvinds ásamt Þór Sigurgeirssyni bæjarstjóra

# Bæjarstjóri fundaði með Katrínu

Í byrjun september barst Þór Sigurgeirssyni bæjarstjóra falllegt og áhugavert bréf frá ungum Seltirningi, Katrínu Eyvinds nema í Mýrarhúsaskóla. Eins og sjá má í bréfinu sem birt er með heimild hennar og foreldra hennar er Katrínu umhugað um að sett verði fleiri leiktæki á skólalóðina fyrir alla nemendur skólans.

Bæjarstjóri brást skjótt við erindinu og bauð Katrínu á fund til sín til að ræða málin nánar. Katrín kom ásamt móður sinni á fund í síðustu viku þar sem Katrín og bæjarstjóri spjölluðu saman í dágóða stund auk þess sem hann fékk hugmyndir að leiktækjum sem hún og skólafélagar hennar vilja helst fá á skólalóðina. Bæjarstjóri lofaði að unnið væri í því að fjölga leiktækjum og bæta skólalóðina eins fljótt og hægt væri, auk þess að segja Katrínu frá einu nýju leiktæki sem væri verið að fara að setja upp á næstu dögum, sem hún var ánægð að heyrja og hlakkar til að prófa.



Bréfið sem Katrín Eyvinds sendi Þór Sigurgeirssyni bæjarstjóra.



AS WE GROW  
ASWEGROW.IS



KLAPPARSTÍG



UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN





# Þitt fyrirtæki í aðalhlutverki

Við höfum reynslu, réttu lausnirnar og ástríðu fyrir því að fyrirtækið þitt eigi stórleik á sínu sviði atvinnulífsins.

[islandsbanki.is](https://islandsbanki.is)





# Stórgóður árangur hjá Gróttu

- Viðtal við Kristófer Orra Pétursson og Pétur Rögnvaldsson

Haustið hefur færst yfir bæinn. Laufin falla af trjánun, dagsbirtan hverfur fyrir kvöldmat og ró er yfir Vivaldivellinum - heimavelli knattspyrnudeildar Gróttu við Suðurströnd. Ungir iðkendur stunda æfingar af kappi eftir skóla en meistaraflokkar karla og kvenna eru í frí eftir viðburðaríkt fótboldasumar. Sumar þar sem kvennaliðið endurheimti sæti sitt í Lengjudeildinni og karlaliðið, sem var spáð í fallbaráttu, kom öllum á óvart og náði þriðja sæti Lengjudeildarinnar. Bæði lið voru að miklu leyti skipuð ungum leikmönnum og var stýrt af ungum og tiltölulega óreyndum þjálfurum. Knattspyrnan í Gróttu heldur áfram að minna á sig eftir ævintýri síðustu ára.

Nesfréttir mæltu sér mót við tvo unga Seltirninga sem léku lykhillutverk hjá Gróttu í sumar – hinn 29 ára gamla Pétur Rögnvaldsson sem þjálfar kvennaliðið og hinn 24 ára gamla Kristófer Orra Pétursson sem lék í sumar sinn 100 leik fyrir félagið.

„Það var mikill eldmóður í hópnum eftir sumarið 2021. Flestir leikmenn ákváðu að taka slaginn með Gróttu áfram og eftir fyrsta fund á nýju undirbúningstímabili var ljóst að það yrði ekki horft annað en að fara strax aftur upp um deild,“ segir Pétur en Gróttukonur féllu úr Lengjudeildinni í lokaumferðinni haustið 2021. „Sú niðurstaða var vonbrigði fyrir alla sem tengdust liðinu og okkur finnst að Gróttu sé félag sem eigi alls ekki að vera í neðstu deild,“ bætir Pétur við.

Karlalið Gróttu endaði í 6. sæti Lengjudeildarinnar í fyrra en eins og allir muna lék Gróttu í fyrsta sinn í efstu deild sumarið 2020. Eftir síðasta tímabil hurfu lykilleikmenn á braut: Hákon Rafn Valdimarsson fór utan í atvinnumennsku, Pétur Theodór Árnason fór í Breiðablik og Sigurvin Reynisson tók sér hlé frá fótbolta. Sparkspekingar töldu að þessar mannabreytingar myndu reynast Gróttu þungbærar og spáðu liðinu rétt ofan við fallsætin.

„Það var óvissa og spenna sem fylgdu síðasta undirbúningstímabili. Við vorum með nýja þjálfara og vissum kannski ekki alveg hver ætti að skora mörkin eftir brotthvarf Péturs. En fljótlega áttuðum við okkur á því að við gætum gert góða hluti. Við höfðum óskulfljóta framherja og eftir að hafa breytt leikstílnum aðeins þá trúðum við því að við gætum unnið hvaða lið sem er. Það kom aldrei til greina að enda í 9. sæti þar sem okkur var spáð,“ segir miðjumaðurinn Kristófer Orri og glottir.

Kristófer lék sinn 100. leik fyrir Gróttu í sumar líkt og tveir liðsfélagar hans. Hluti hópsins hefur spilað lengi saman svo við spyrjum hversu miklu máli það skipti fyrir lið eins og Gróttu.

„Ég held að það sé dýrmætt fyrir öll lið að hafa leikmenn innanborðs sem brenna fyrir félagið sitt og fólkið í bænum tengir við. Við fengum marga unga stráka inn í liðið í sumar og ég held að það hafi tvímælalaust hjálpað þeim að hafa þéttan kjarna á staðnum sem gat tekið vel á móti þeim,“ segir Kristófer.

## Með bakið upp að vegg

Snúum okkur aftur að kvennaliðinu. Fyrir leiktíðina í sumar var talað um að Gróttu, ÍA og Völsungur myndu bitast um efstu tvö sætin en



Pétur Rögnvaldsson á hliðarlínunni.



Gróttustelpurnar fagna sæti í Lengjudeildinni.

það var hins vegar lið Fram sem kom á óvart og vann fyrstu átta leiki sína. Fljótlega var ljóst að Fram kæmist upp um deild og þá var aðeins eitt sæti laust. Eftir góða byrjun fór að halla undan fæti hjá Gróttukonum og tap gegn Völsungi í byrjun júlí þýddi að var liðið komið með bakið upp að vegg.

„Fólk missti aldrei trúna en það var alveg ljóst að við máttum ekki við því að misstíga okkur síðari hluta sumars,“ segir Pétur og heldur áfram. „Það má eiginlega segja að við höfum spilað sjö leiki í röð, frá heimaleiknum við ÍA 22. júlí, þar sem við máttum helst ekki tapa. Auðvitað fylgdi því pressa og ég er feykilega stoltur af stelpunum því þær tókust frábærlega á við aðstæðurnar. Við vorum fyrsta liðið til að vinna Fram og sýndum svo mikinn styrk í úrslitakeppninni,“ segir Pétur en í seinni umferð 2. deildarinnar léku efstu sex liðin innbyrðisleiki. Gróttukonur gerðu jafntefli við ÍA og Fram á heimavelli og unnu svo eftirminnilegan sigur á Húsavík í þriðju umferð úrslitakeppinnar. Sigur á KH í næst síðustu umferð tryggði svo sætið í Lengjudeildinni eftir að úrslit í öðrum leikjum féllu með Gróttu síðar um daginn.

„Auðvitað hefði verið svakalega reynsla fyrir okkur öll að fara í lokaleikinn á móti ÍR með algjörlega allt í húfi. En það var mjög ánægjulegt að fá tíðindin af því að takmarkið hefði náðst. Hópurinn safnaðist saman um kvöldið og fagnaði innilega.“

## Þéttur kjarni og öflugt þjálfarateymi

Við spyrjum þá Pétur og Kristófer Orra hverju Gróttufólk megi búast við næsta sumar þar sem bæði liðin munu leika í Lengjudeildinni?

Kristófer ríður á vaðið: „Við erum með þéttan kjarna og öflugt þjálfarateymi sem hefur sýnt mikla útsjónarsemi í að sækja leikmenn í stað þeirra sem við höfum misst. Líklega verða einhverjir keyptir frá



Kristófer Orra Pétursson í baráttunni.



Þjálfarateymi meistaraflokks karla í knattspyrnu hjá Gróttu.

félaginu í vetur eftir góða frammistöðu í sumar en það kemur maður í manns stað. Við munum æfa eins og brjálaðingar og ætlum okkur að vera með samkeppnishæft lið sem vinnur helling af leikjum. Hverju það skilar nákvæmlega kemur svo í ljós.

Pétur er sömuleiðis bjartsýnn fyrir fótboldasumarið 2023.

„Ég tel að síðustu tímabil munu reynast okkur dýrmæt á næsta ári. Öll erum við reynslunni ríkari og kjarninn í leikmannahópnum hefur haldist sá sami. Við erum með nokkrar stelpur sem verða 18 og 20 ára á næsta ári en hafa spilað um eða yfir 50 meistaraflokksleiki. Það er reynsla sem þú týnir ekki upp af götunni. Við þurfum eitthvað að þetta raðirnar, tryggja að umgjörðin í kringum liðið sé með besta móti og mæta óhrædd til leiks í Lengjudeildina. Svo vonumst við auðvitað til að sjá sem flesta Seltirninga í stúkunni. Við erum þakklát fyrir þann stuðning sem við fengum í sumar, sérstaklega frá krökkum í yngri flokkum Gróttu, en betur má ef duga skal“

Kristófer tekur undir þetta: „Það er geggjað að spila á Vivaldi þegar stúkan er full en það gerðist nokkrum sinnum í sumar. Mér finnst við alltaf ná í góð úrslit þegar fólk fjölmennir. Ég er sannfærður um að það verður raunin næsta vor.“

Við kveðjum Pétur og Kristófer Orra og höldum leiðar okkar út í haustkvöldið. Áður en langt um líður verður meistaraflokksfólkið okkar byrjað að æfa á ný – í öllum veðrum og vindum og sjá fyrir sér heimaleiki á Vivaldivellinum í hyllingum. Maður finnur eiginlega hamburgarailminn við tilhugsunina.



# Nesdekk - í næsta nágrenni!

Réttu dekkin draga fram bestu  
eiginleika bílsins og veita  
hámarks öryggi við misjöfn  
akstursskilyrði.

Fáðu ráðleggingar fagmanna  
við val á réttum dekkjum.



Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingu.



Toyo

Pirelli

Laufenn

Maxxis

Mastercraft

Nankang

Double Coin



## Bókaðu tíma og skoðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Ekki lenda í biðröð. Þú sparar tíma með því að bóka tíma.

**Nesdekk**

Fiskislóð 30 / 101 Reykjavík / 561 4110 / Tímabókun

**NESDEKK**  
nesdekk.is / 561 4200

# Öldungaráðin þurfa stjórnsýslulega stöðu

- segir Kristbjörg Ólafsdóttir formaður Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi

**K**ristbjörg Ólafsdóttir formaður Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Kristbjörg starfaði lengi sem stjórnandi í atvinnurekstri og síða við eigin rekstur. Þegar hún þurfti að breyta um venti hún kvæði í kross og fór til náms þar sem hún lagði stund á vistfræði og kynjafræði. Hún skrifaði ritgerð um eldri borgara á Seltjarnarnesi og var síðan fengin til þess að taka að sér formennsku í félagi eldri borgara. Hvað gera félög eldri borgara.

Hvaðan kemur Kristbjörg. Er hún Seltirningur í húð og hár. Nei ég er fædd og uppalin á Akranesi. Kom suður fjórtán ára gömul og hef verið í Reykjavík og á Seltjarnarnesi síðan. Lengst af bjó ég í Vesturbænum. Var um tíma í Noregi og flutti á Nesið þegar ég kom til baka þaðan. Við erum búin að vera hér í 24 ár." Kristbjörg segir hvergi betra að vera en á Seltjarnarnesi. "Mér finnst þetta vera dásamlegur staður. Sérstaklega náttúran og útsýnið og síðan aðstaðan til útiveru. Stundum er sagt að allir þekki alla en ég held að það sé ofmælt. Þegar maður missir af krökkunum í skóla kynnist maður ekki eins mörgum. Vera má að það stafi að einhverju leyti af því að ég er aðflutt. Ég þekki þó fullt af fólki hér. Ég er ekki mikil félagsvera í mér þótt ég hafi komið mér í þetta starf sem ég er að sinna. Mér finnst alltaf mest gaman að fara út í náttúruna og njóta þess að vera úti."

## Skrifstofustjóri og verslunarmaður

Kristbjörg starfaði lengst sem skrifstofustjóri hjá Coca Cola eða Vífilfelli sem var með skrifstofu í Haga við Hofsvallagötu. "Ég vann

þar sem stjórnandi í aldarfjórðung. Ég stofnaði síðar verslun sem hét Max Mara og var við Hverfisgötu í Reykjavík. Dóttir mín bjó á Ítalíu og ég fékk sambönd þar og flutti inn vörur frá Max Mara. Það er algjört gæðamerki í ítölskum kvenfatnaði. Þetta gekk ágætlega en í hrúninu fór það til fjandans eins og svo margt annað."

## Var með vitlausa kennitölu

Hvað var svo eftir hrúnið? "Eftir hrúnið reyndi ég í tvö ár að sækja um vinnu. Ég var bæði með reynslu sem stjórnandi hjá stóru fyrirtæki og síðan af innflutningi og verslunarrekstri og gerði ráð fyrir að það hefði eitthvað að segja. En sannleikurinn er sá að ég fékk ekki einu sinni viðtal. Svárið var að ég væri með vitlausa kennitölu. Með öðrum orðum að ég væri of gömul til að hægt væri að ráð mig í starf. Einstaklingur getur víst ekki skipt um kennitölu þótt fyrirtæki geri það."

## Í vistfræði og kynjafræði

Kristbjörg segir að þegar ekkert hafi gengið með atvinnusóknum hafi hún ákveðið að snúa blaðinu við. "Ég dreif mig í skóla. Ég



Kristbjörg Ólafsdóttir.

byrjaði að ljúka stúdentsprófinu því mig vantaði nokkra punkta upp á það. Þaðan lá leiðin í háskóla þar sem ég lagði stund á vistfræði og kynjafræði. Þar skrifaði ég ritgerð

um eldri borgara á Seltjarnarnesi. Vegna þess var haft samband við mig og ég spurð að því hvort ég gæti hugsað mér að taka að mér formennsku í Félagi eldri borgara.



## Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraradila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)



Ég hugsaði mig um. Komst að þeirri niðurstöðu að ekkert þýddi fyrir mig að vera röfandi heima hjá mér. Ég hugsaði að ef til vill gæti ég gert eitthvert gagn. Ég sló til og nú er ég búin að vera formaður í eitt ár.”

## Öldungaráðin og félag eldri borgara

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi er ungt miðað við sambærileg félag hér á landi. Hver voru tildrögin að stofnun þess? Þau eru að sett voru lög um að stofna til öldungaráða hjá sveitarfélögum. Því fylgdi að efna til samvinnu öldungaráðanna og félaga eldri borgara í hverju bæjarfélagi. Í þessum lögum er kveðið á um að öldungaráð og bæjar- og sveitastjórnir eigi að hafa samráð um málefni eldri borgara í hverju bæjarfélagi fyrir sig. Hér vantað félag eldri borgara til að uppfylla þessi skilyrði. Þetta gengur þannig fyrir sig hér á Seltjarnarnesi að kosnir eru þrjár aðilar sem fulltrúar bæjarstjórnar og þrjár frá Félagi eldri borgara. Síðan er einn formaður kosinn sem bæjaryfirvöld velja. Þessi hópur kemur saman minnsta kosti fjórum sinnum á ári. Nú er búið að skipa formann öldungaráðs Hildigunni Gunnarsdóttur og ég er komin í samband við hana.

## Um 20% Seltirninga eru eldri borgarar

Kristbjörg segir að vegna þessarar stuttu sögu sé félagið er því ekki eins tengt starfinu og er víða annars staðar þar sem Félag eldri borgara hafa starfað mun lengur. “Ef ég nefni Garðabæ sem dæmi þá er félag eldri borgara þar búið að starfa lengi og Öldungaráðið fer með sitt starf í genum það félag. Það þýðir að félagið er virkara að mörgu leyti og full vinna fyrir það að sinna þessum verkefnum sem voru mótum með því og í gegnum það strax í byrjun. Þar annast félagið meðal annars um námskeiðahald fyrir eldra fólk. Hér höfum við hugsað vel um þessa hluti en þó má alltaf gera betur. Aðaláhugamál mitt núna og stjórnarinnar er að fá fleira fólk inn í félagið. Ég hef sérstaklega áhuga á að fá fólk sem er í yngri kantinum. Fólk um sextugt og eldra. Þótt við stöndum vel og höfum það gott þarf að huga að hvert við stefnum. Eldri borgurum hefur fjölgað ört að undanförunu og nú er um um 20% bæjarbúa í þeim aldurshópi. Þessum aldurshóp á eftir að fjölga og við þurfum að huga vel að því hvað við ætlum að gera í framtíðinni.”

## Vantar lóðir fyrir litlar íbúðir og lífsgæðakjarna

Kristbjörg segir eitt helsta baráttumál Félags eldri borgara vera kjaramálin. Nauðsynlegt sé og eðlileg krafa að lágmarkslífeyrir fólks verði aldrei lægri en umsamin lágmarkslaun á almennum vinnumarkaði. Einnig sé nauðsynlegt að henda öllum skerðingum og fólk geti fengið að starfa án þess að glata réttindum. Svo eru velferðarmálin. “Eðlilegt sé að sveitarfélög hlutist til um byggingu leiguíbúða fyrir eldra fólk á viðráðanlegu leiguverði Gera þarf fólk kleyft að geta búið sem lengst heima og fengið þá þjónustu sem það ef til vill þarf. Fólk finnst þægilegt á allan máta að vera heima á heimilum sínum. Það leysir ekki allan vandann að byggja hjúkrunarheimili. Í þau fara milljarðar á milljarða ofan en þau eru fyrir þá sem verst eru farnir að atgervi. Andlegu sem líkamlegu. Einn þessara þátta eru húsnæðismál aldraðra þar sem við erum í mjög slæmum málum. Erfitt er að finna byggingalóðir fyrir félagslegt húsnæði fyrir eldri borgara. Ég vil einnig nefna svonefnda lífsgæðakjarna í þessu samandi. Byggðir þar sem litlar

íbúðir eru byggðar í tengslum við ýmsa félagslega starfsemi fyrir íbúana. Þar sem heimili og þjónusta eru tengd saman.”

## Öldungaráðin þurfa stjórnsýslulega stöðu

“Stóra málið er að eldra fólk þarf fjölbreyttari búsetuúrræði og heilsugæslu. Þótt dýr hjúkrunarrými leysi ekki allan vanda þá er veikt eldra fólk fórnarlömb langvarandi skorts á slíkum úrræðum. Því er mikilvægt að endurskoða lög um greiðsluþátttöku og þá þjónustu sem veitt er á þessum heimilum. Ég vil einnig benda á mikilvægi þess að öldungaráðin hafi stjórnsýslulega stöðu í skipulagi sveitarfélaga og þeim gert kleyft að gegna því mikilvæga hlutverki sem lög kveða á um.” Kristbjörg segir að haldin hafi verið fjölmennur landsfundur öldungaráða á liðnu vori. “Þar voru megin áherslumálin sett niður í fjögur í samráð við bæjar- og sveitarstjórnir. Við þurfum að nýta þetta mikilvæga tækifæri meira.” Kristbjörg bendir að lokum á að Félag eldri borgara sé með heimasíðu [feb@simnet.is](mailto:feb@simnet.is) og hvetur fólk til þess að setja sig samband við félagið.

# Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2023

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi eða rökstuddum ábendingum um hver hljóta skuli nafnbótina **Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2023**.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur að upphæð einni milljón króna. Bæjarlistamaður Seltjarnarness skal vera reiðubúinn að vinna með menningarsviði bæjarins að því að efla áhuga á list og listsköpun á Seltjarnarnesi og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi.

Umsækjendur og þeir sem senda inn ábendingar eru beðnir um að haga umsóknum í samræmi við reglur um Bæjarlistamann sem finna má á heimasíðu bæjarins [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is). Umsóknir og tilnefningar þurfa að vera rökstuddar. Listamenn láti upplýsingar um náms- og starfsferil sinn fylgja sem og hugmyndir um á hvern hátt nýta eigi styrkinn við listsköpun.

Umsóknum og/eða ábendingum skal skilað fyrir **25. nóvember** n.k. í gegnum heimasíðu bæjarins (umsóknir/eyðublið), með tölvupósti á netfangið [maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is](mailto:maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is) eða bréfleiðis á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi merkt: „**Bæjarlistamaður 2023**“.

Menningarnefnd Seltjarnarness



Skipulags- og umferðarnefnd Seltjarnarness

## Stefnumörkum um gististarfsemi rædd



Stefnumörkun fyrir gististarfsemi og gististaði í íbúðabyggð á Seltjarnarnesi var til umræðu á skipulags- og umferðarnefnd á dögnum. Lagt var fram minnisblað *Alta*, dagsett 29. september 2022, varðandi stefnumörkun um gistipjónustu í bænum. Skipulags- og umferðarnefnd felur skipulagsfulltrúa að gera eftirfarandi breytingar á áður auglýstri lýsingu þannig að eftirfarandi texti verði einnig hluti af breytingunni.

„Auk heimagingingar er heimil á íbúðarsvæðum rekstrarleyfislylda gistipjónusta í minni gistiheimilum og íbúðum, sbr. 4. og 9. gr. reglugerðar nr. 1277/2016, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum: Gisting er á lögheimili gistsölu aðila og hann skal hafa þar aðsetur. Hámarksfjöldi leigðra herbergja er fimm. Hámarksfjöldi gesta er 10 einstaklingar. Starfsemin má ekki hafa neikvæð áhrif á næsta nágrenni, t.d. vegna ónæðis eða hávaða. Gestir nýti bílastæði innan lóðar. Eitt stæði

skal vera fyrir hverja fjóra gesti á gistiheimilum. Heimilt er að gefa út nýtt leyfi fyrir skammtímaleigu í húsnæði á íbúðarsvæðum til samræmis við áður útgefin leyfi. Er þá miðað við að umfang starfseminnar aukist ekki frá því sem áður var heimilt. Gilda þá lög um fjöleignarhús nr. 26/1994 varðandi samþykki meðeigenda og lög um mannvirki nr. 160/2010 varðandi breytta notkun húss.

Skipulags- og umferðarnefnd Seltjarnarnesbæjar metur hvort umsókn um rekstrarleyfislylda gististarfsemi samræmist ofangreindum skilyrðum. Einnig metur nefndin hvort gera þurfi breytingu á deiliskipulagi viðkomandi svæðis eða, ef deiliskipulag liggur ekki fyrir, hvort grenndarkynna þurfi umsóknina sbr. ákvæði 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftir breytingu felur skipulags- og umferðarnefnd skipulagsfulltrúa að kynna tillöguna á vinnslustigi. Visað til staðfestingar í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar.“

## Áframhaldandi hallarekstur Seltjarnarnesbæjar

Síðastliðnar vikur hafa verið undirlagðar vinnu við fjárhagsáætlunargerð hjá sveitarstjórnfulltrúum út um allt land. Það er ljóst að staða sveitarfélaganna er almennt viðkvæm og að taka þarf stórar pólitískar ákvarðanir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023. Á bæjarstjórnarfundi fyrr í haust buðu fulltrúar Samfylkingar og óháðra fram sína aðstoð og kölluðu eftir því að faglega yrði staðið að gerð fjárhagsáætlunar með virkri aðkomu fagnefnda bæjarins. Þegar þessi grein er rituð, seint í október, þá hafa bæjarfulltrúar minnihlutans á Seltjarnarnesi hins vegar ekki einu sinni fengið forsendur fjárhagsáætlunar 2023 í hendurnar sem venjulega berast um miðjan september. Enginn samráðsfundur hefur verið haldinn í fagnefndum eða kynning farið fram þar sem sviðstjórar kynna áherslur sínar líkt og venja hefur verið síðastliðin ár.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

### 216 milljón króna hallarekstur á 6 mánuðum

Nú liggur sex mánaða uppgjör Seltjarnarnesbæjar fyrir og sýnir það hallarekstur upp á rúmlega 200 milljónir þrátt fyrir útsvarshækkun sem samþykkt var síðastliðið haust. Bæjarfulltrúar minnihlutans hafa ítrekað kallað eftir því að 6 mánaða uppgjörið verði gert opinbert og kynnt á heimasíðu bæjarins eins og venja er fyrir en bæjarstjóri hefur ekki orðið við þeirri beiðni.

Það blasir við að málflytningur Sjálfstæðismanna í kosningabaráttunni um sterkan rekstur og tækifæri til lækkunar á útsvar án þjónustuskerðinga á sér enga stöð í raunveruleikanum. Þrátt fyrir þessi mistök Sjálfstæðisflokksins þá er núna ekki tíminn til að fara í flokkaskotgrafir og loka sig af í fjárhagsáætlunargerðinni. Nú þurfa bæjarfulltrúar allra flokka að vinna þétt saman í samráði við íbúa og fagfólkið okkar við að ná jafnvægi á rekstur bæjarins á sama tíma og við verjum þjónustuna. Í kosningabaráttunni og á opinberum vettvangi talar bæjarstjóri mikið um að við séum öll saman í þessu og að við viljum standa okkur vel. Bæjarfulltrúar Samfylkingar og óháðra og íbúar bæjarins kalla eftir því að þessi orð birtist líka í verki og faglegum vinnubrögðum við stjórnun bæjarins.

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Bæjarfulltrúi Samfylkingar og óháðra á Seltjarnarnesi

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



www.utforin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi



Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR



www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070



Finndu okkur á  
Facebook



# Þorbjörg sýnir textil í Gallerí Gróttu



Þorbjörg Þórðardóttir textillistamaður sýnir Gallerí Gróttu um þessar mundir. Þorbjörg sýnir verk sem eru unnin með listvefnaði og blandaðri tækni.

Hún segir hugmyndirnar að list sinni séu undir miklum áhrifum frá íslenski náttúru og efnið í mínum myndum er upprunnið í náttúrunni. Hún kveðst lita og spinna efnið sjálf. Hún vinnur í vefstól og segir gaman að vinna með þessa gömlu hægu tækni sem sé svo frábærlega í mótsögn við hraða nútímans. Hún segir frábært að nota gömul hefðbundin efni eins og mjúka ull og erfið hrosshár og umbreytt í nútíma textíl með blandaðri tækni. Þorbjörg hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga.



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

# Skólahlaup Való



Frá Skólahlaupinu á Nesinu.

Hið árlega Skólahlaup Valhúsaskóla var ræst kl. 9.00 einn morgun í lok september fyrir neðan Vivaldi völlinn.

Krakkarnir þustu af stað í rigningunni en hlaupa/gönguleiðin er eins og alltaf út fyrir Bakkatjörn og til baka.

# Nesfréttir

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)



# ÍSÞÚÐIN ÍSREFUR




**ÍSÚRVÉL:**  
NÝI, GAMLI, LAKTÓSAFRÍR & JARÐARBERJA

ÞÚ FINNUR OKKUR  
**Í JL-HÚSINU**





FYLGDU OKKUR Á:

 [is\\_refur](https://www.instagram.com/is_refur)  [isrefur](https://www.facebook.com/isrefur)

[www.isrefur.is](http://www.isrefur.is)

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Aðstaða félags og tómstundastarfs eldri bæjarbúa er á Skólabraut 3-5 og þangað eru allir hjartanlega velkomnir.

### DAGSKRÁ, BREYTINGAR OG NÝIR VIÐBURÐIR

Mínum á að alla virka morgna er kaffi í kaffiróknun frá kl. 9.00. Þar er spjallað og litið í blöðin. Meginstarf dagskrárinnar fer fram á Skólabraut og þangað eru alltaf allir velkomnir. Nokkur breyting hefur orðið á dagskránni frá því dagskrárblaðið var borið út í haust. Varðandi föstu liðina þá eru þeir í nokkuð föstum skorðum, nema söngstundin sem hefur verið að rokka aðeins á milli daga en nú er vonandi komin endanleg tímasetning. **Söngur alla föstudaga kl. 10.00 í salnum á Skólabraut og kaffisopi á eftir.**

**Þriðjudaginn 25. október kl. 14.00, bingó, myndagetraun og kaffi í kirkjunni. Allir velkomnir.** Áður auglýst dagskrá/ Bingó. Þar sem ekki getur orðið að því að bingóið verði í golfskálanum nú 25. okt. Þá hefur verið ákveðið að færa það yfir í safnaðarheimili kirkjunnar en síðasta þriðjudag í mánuði er alltaf dagskrá og kaffi í kirkjunni og látum við því bingóið falla inn í þá dagskrá.

**Púttíð. Þriðjudaginn 25. október færast púttíð að Nesvöllum, þ.e. inniaðstaða Nesklúbbsins á Austurströnd. Höldum sama tíma og síðasta vetur þ.e. þriðjudagsmorgnar kl. 10.30. Allir hjartanlega velkomnir.**

**Fimmtudaginn 27. október heimsækjum við Eiðistorg og bókasafnið og förum á sýningu Þorbjargar Þórðardóttur í Gallerí Gróttu.** Sýningin ber yfirkristina Listvafnaður og blönduð tækni. Að lokinni sýningu verður komið við á **Kaffi Örn** og þar sem fólk getur keypt sér hressingu. Stefnt er að því að hittast á bókasafninu um kl. 14.00. Þeir sem vilja keyrslu láta Kristínu vita.

Áður auglýst dagskrá / **Gamlar myndir á breiðtjaldi** sem auglýst var fimmtudaginn 20. október frestast til **þriðjudagsins 1. nóvember kl. 14.00 í hátíðarsal Gróttu.** Myndir þessar tengjast tímabilinu 1940-1960 og hefur þessi dagskrá fengið afar góðar viðtökur á mörgum félagsmiðstöðum eldri borgara undanfarin misseri. **Allir velkomnir.**

**Þriðjudaginn 15. nóvember verður sameiginleg ferð félagsstarfsins og Seltjarnarneskirkju.** Þá heimsækjum Hafnarfjarðarkirkju þar sem presturinn tekur á móti hópnum. Bodið upp á kyrrðarstund, léttan hádegisverð og Ólafur Þ. Harðarson stjórnmaálafræðingur og prófessor segir frá Hafnfirðingum og sögu Hafnarfjarðar. Bodið verður upp á kaffisopa á eftir. Einnig heimsækjum við Byggðasafn Hafnarfjarðar. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut, Eiðismýri og í kirkjunni. Farið verður frá Skólabraut kl. 11.15 með viðkomu í kirkjunni og Eiðismýri. Verð kr. 3.000.-

**SKÍÐASKÁLINN /EINSTÖK JÓLASTEMNING Í FJÖLLUNUM.** **Föstudaginn 25. nóvember** verður farið á jólahlaðborð í Skíðaskálanum í Hveradölum. Ástæða þess að auglýsing varðandi þennan viðburð kemur svona snemma er sú að mikil aðsókn er á þessi kvöld og þarf að vera búíð að staðfesta komu okkar hóps um mánaðamótin, en við eigum pantað fyrir 25 manns. Verð er kr. 16.000 og innifalið í verðinu er rúta fram og til baka, fordrykkur hlaðborð og skemmtun, en Benni Sig. sér um hátíðlega tónlist á meðan á borðhaldi stendur. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og Eiðismýri.

Hvetjum alla til að fylgjast með fjölbreyttri dagskrá bókasafnsins. Mínum á að vel er tekið í nýjar hugmyndir að dagskrá og einnig mega áhugasamir bridge-spilarar gefa sig fram.

## BÓKAÐ MÁL

### Hrollur



Ég er á leiðinni heim. Ljósastaurarnir eru rétt að skríða í gang og himininn er dökkgrár. Það brakar mjúklega í laufblöðunum sem fjúka til og molna undir fótum mér. Bráðum verða þau niðurrignð og troðin áður en þau hverfa alveg. Ég sýg hressilega upp í nefið. Anda að mér ísköldu snemmetrarloftinu. Það er stormur í aðsigi.

Já, fyrsti vetrardagur er að baki og kuldahrollur farinn að setjast í bein landans. Á þessum árstíma er lítið um tillidaga á Íslandi og veturinn framundan er dimmur og langur í huganum.

En októberlok eru þó ekki eintómt volæði því ný hausthátíð hefur rutt sér til rúms síðustu árin og hún er einmitt mjög viðeigandi í íslensku myrkri og kulda.

Hrekkjavakan hefur borist um heiminn með amerískri dægurmenningu en uppruna hennar má þó rekja langt aftur í aldir. Enska heitið *Halloween* er nokkurs konar stytting á *All Hallows Eve* sem merkir í raun kvöldið eða vakan fyrir allraheilagramessu, en það er sá messudagur þegar kaþólska kirkjan minnst píslarvotta og þess helga fólks sem ekki á sér sinn eigin messudag. Talið er að hátíðahöld kringum allraheilagramessu hafi blandast hefðum tengdum eldri vetrar- og uppskeruhátíðum í Evrópu svo úr varð hrekkjavakan.

Hún varð fyrst að stórhátíð í Norður-Ameríku á 19. öld. Skoskir og írskir innflytjendur voru vanir að skera andlit í næpur og lýsa upp með kertaljósum en í Ameríku komust þeir í kynni við grasker sem hentuðu betur til útskurðar og hafa síðan þá verið helsta tákn hrekkjavökunnar. Frá Ameríku hefur hátíðin svo borist aftur til Evrópu og víðar í því formi sem við könnumst við í dag.

Sumum finnst verra að sjá erlendar hátíðir og síði ná hér fótfestu en hví ekki að innleiða það sem gleður okkur? Sælætisát, hrollvekjur og hrekkjavökupartý eru tilvalin til að létta lundina í vetrarbyrjun.

Fjárfestum því í vampírutönnum og reddum köngulóarbúning fyrir hundinn. Nýtum vetrarmykrið og hrollinn í eitthvað skemmtilegt. Því sama hvað stórverslanirnar segja þá er ennþá langt til jóla.

TRYGGVI STEINN STURLUSON

Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

**RECARO**  
Barnabílastólar í úrvali



**BÍLASMÍÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



# Það sem við viljum (ekki) sjá og heyra!

Óvinavæðing stjórnmalanna er stöðug. Á Seltjarnarnesi hefur tilhneigingin verið sú að skipta samfélaginu í tvennt: annarsvegar góða hópinn og sjálfstæðishugsunina sem þarf að vernda, hins vegar utanaðkomandi vinstri öflin og kommúnismann sem ráða ber niðurlögum á. Litið er almennt á hækkan skatta og gjalda sem af hinu illa, enda býr það til vanda sem getur leitt sjónar af öðru en grunnrekstri, yfir í gælverkefni og of mikla yfirbyggingu .... svo vitnað sé í viðtali í Seltjarnarnesi frá því í vor.

## Leikskólagjöldin ekki lengur lægst

Um sjö ár eru síðan Seltjarnarnesbær boðaði stórfellda lækkan leikskólagjalda eða um 25% en með því vildi bærinn skipta sér þann sess að bjóða lægstu gjöldin á landinu öllu. Nýlegur verðsamburður ASÍ á leikskólagjöldum milli 20 stærstu sveitarfélaganna á landinu, afslætti fyrir forgangshópa og breytingar á gjöldum við lengingu vistunartímanna, sýnir hinsvegar að langt er síðan að Seltjarnarnes misti forystusætið til Reykjavíkurborgar.

Almenn leikskólagjöld þ.e. 8 tímar með fæði fyrir eitt barn, eru lægst í Reykjavík á landinu öllu eða 28.371 kr. á mánuði en sömu gjöld eru 33.770 kr. á Seltjarnarnesi. Staðan breytist hins vegar til hins verra hér á Nesinu, þegar við bætist 1-3 systkyni, lengri vistunartími, eða þegar um forgangshópa er að ræða svo sem einstætt foreldri eða námsmenn. Áfram heldur að vera hagstæðast að búa í Reykjavík en kostnaðurinn hækkar á Seltjarnarnesi og verður þá að jafnaði um 14-16.000 kr. dýrari á mánuði en í Reykjavík, þrátt fyrir systkynafslætti.

## Dýrast að fara á milli skólastiga

Heildarkostnaður foreldra fyrir fæði og vistun barna breytist í mörgum tilfellum þegar börnin færast milli skólastiga, þ.e. fara úr leikskóla yfir í grunnskóla. Í flestum tilfellum eða í 16 af 20 stærstu sveitarfélögum landsins lækkar kostnaður foreldra við færslu barnanna samkvæmt verðlagseftirliti ASÍ en í 4 sveitarfélögum hækkar hann. Ef borinn sem samann kostnaður við 8 tíma vistun með fæði í leikskóla við kostnað við skóladagvistun með síðdegishressingu og skólamat má sjá að kostnaðurinn hækkar ekki aðeins á Seltjarnarnesi heldur hækka gjöldin hjá Seltjarnarnesbæ mest allra sveitarfélaga, um 11.590 kr. eða 36%.

## Dýrasta skólaskjólíð og skólamat

Verðlagseftirlit ASÍ kannaði einnig breytingar og gerði samanburð milli ára á gjaldskrár fyrir skóladagvistun, síðdegishressingu og skólamat hjá

20 fjölmennustu sveitarfélögum landsins. Til að einfalda samanburð milli sveitarfélaga miðar verðlagseftirlit ASÍ við mánaðargjald, 21 dag og skóladagvistun í þrjú tíma á dag eða 63 tíma í mánuði ásamt síðdegishressingu (x21) og hádegismat í áskrift (x21).

Seltjarnarnesbær er með hæstu almennu gjöldin fyrir þjónustu fyrir grunnskólabörn árið 2022 og greiða foreldrar í sveitarfélaginu samanlagt 45.843 kr. fyrir skóladagvistun, síðdegishressingu og skólamat fyrir eitt barn. Er það mun hærra gjöld en í Reykjavík og 132% hærra en í Fjarðabyggð þar sem þau eru lægst eða 19.782 kr. Af einstaka liðum er verið fyrir skólamat lang hæst hjá Seltjarnarnesbæ, eða 11.340 kr. en bærinn er einnig með hæstu gjöldin fyrir skóladagvistun m. síðdegishressingu, 34.062 kr. Er þessi gjöld hærra en í Reykjavík og 139% hærra en hjá Suðurnesjabæ þar sem þau eru lægst eða 14.250 kr.

## Lægstu systkynafslættir

Öll 20 sveitarfélögin veita systkynafslætti af gjöldum fyrir skóladagvistun. Samanlagður kostnaður fyrir skóladagvistun, síðdegishressingu og skólamat fyrir foreldra sem eru með tvö börn í grunnskóla er 117% hærra á Seltjarnarnesi þar sem hann er hæstur eða 77.144 kr. en í Fjarðabyggð þar sem hann er lægstur eða 35.516 kr. Við þetta má bæta að íbúafjöldinn í Fjarðabyggð er rétt rúmlega íbúafjöldi Seltjarnarness. Samanlagt gjöld fyrir foreldra með þrjú börn í grunnskóla eru einnig hæst á Seltjarnarnesi á landinu öllu, þ.e. 93.902 kr. eða 99% hærra en þar sem þau eru lægst.

## Frístundastyrkir dragast aftur úr

Frístundastyrkir eru eitt helsta jöfnunartæki sveitarfélaga, ætlaðir 6-18 ára börnum og unglingum. Styrkirnir hafa það að markmiði að tryggja að opinber stuðningur skili sér sem best og nýtist vel þeim sem vegna efnahags eiga ekki jafn auðvelt og aðrir að taka þátt í skipulögðum frístundastarfi.

Reykjavíkurborg samþykkti nýverið að hækka upphæð frístundastyrksins úr 50.000 kr. í 75.000 kr. fyrir hvert barn per 1. janúar 2023. Á Seltjarnarnesi er upphæð styrksins 50.000 kr. en hækkan hans upp í 75.000 kr. var eitt af kosningalofordum Sjálfstæðisflokksins. Hækkunin hefur hins vegar hvorki verið samþykkt í bæjarráði né í þróttá- og tómtundanevnd á Nesinu og því hefur henni heldur ekki verið vísað inn í

fjárhagsáætlunargerðina sem nú er í fullum undirbúningi fyrir árið 2023.

## Tónlistarnám með vinninginn

Ólíkt flestum öðrum sveitarfélögum rekur Reykjavíkurborg ekki tónlistarskóla heldur eru þeir allir einkareknir. Tónlistarskólarnir sækja um rekstrarstyrki til borgarinnar og mæta svo þeim kostnaði sem út af stendur með skólagjöldum. Ekki fá þó allir skólarnir styrk. Hæstu skólagjöld landsins í tónlistarskóla eru því í Reykjavík, sem dæmi eru þau 173.000 kr. fyrir fullt nám í Tónlistarskólanum DoReMi í Vesturbænum og þar eru líka lengstu biðlistarnir. Hér á Nesinu er Tónlistarskólinn rekinn af bænum. Skólagjöldin fyrir námsárið 2022-23 er um 120.000 kr. Þá er forskólinn, þ.e. kennsla á blokkflautu, gjaldfrjáls fyrir öll börn í sveitarfélaginu, auk þess sem hún er felld inn í stundaskrá barnanna. Biðlistar eru í dag ekki langir.

Að meðaltali sækja um 230 börn ár hvert að komast að í skólahljómsveit vestur- og miðbæjar en einungis 130 börn komast að og greiða þau um 33.000

kr. í skólagjöld og 4.700 kr. fyrir leigu á hljóðfæri. Hér á Nesinu er þáttaka í skólahljómsveit tónlistarskólans gjaldfrjáls en aðeins þarf að greiða fyrir leigu á hljóðfæri eða 15.771 kr. Er það vel.



Karen María Jónsdóttir.

## Djúpt seilst í vasa barnafólks

Veruleikinn sem blasir við er grjótharður. Undir stjórn Sjálfstæðisflokksins greiða íbúar á Seltjarnarnesi hæstu gjöldin á landinu öllu, fyrir grunnþjónustu við börn og barnafólk. Þessi raunstaða er í algerri andstöðu við þá hugmynd sem haldið hefur verið á lofti að hér sé best fyrir barnafólk að búa. Maður spyr sig hvornig þetta geti verið? Á sama tíma veltir maður því fyrir sér, af hverju þetta komi á óvart!

Karen María Jónsdóttir

## Er kominn tími til að gera eitthvað?

### Næstu námskeið í boði hjá Hringsjá

Hringsjá býður úrval af öðru- vísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.

Ég heiti Svala Breiðfjörð Arnardóttir

Ég er löggiltur bókarí hjá Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu. Ég var nemandi í Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu.

„Hringsjá breytti lífinu til hins betra. Í dag er ég í draumastarfi og elska að vakna á morgnana.“



### Styrkleikar

Þátttakendur fá tækifæri til að greina helstu styrkleika sína og skoða leiðir til að nýta þá betur í daglegu lífi. Rannsóknir benda til þess að aukin meðvitund um helstu styrkleika okkar auki vellíðan okkar.

### Sjálfsstyrking

Fyrir þá sem vilja vera öruggari í framkomu og öðlast meiri trú á eigin getu til að tjá sig. Stuðst er við grunnaðferðir og tækni úr leiklistarheiminum.

### Lesblindunámskeið

Á námskeiðinu fá nemendur fræðslu um einkenni námsferðileika/dyslexiu/ dysgraphiu/dyscalculiu og þær afleiðingar sem þessar raskanir geta haft á daglegt líf.

### Jákvæð sálfræði

Almenn umfjöllun um jákvæða sálfræði og hvornig hún tengist andlegri heilsu og vellíðan.

### Fjármál einstaklinga

Fyrir þá sem vilja fá yfirsýn yfir eigin fjármál og auka fjármálalæsi.



**Hringsjá**  
Náms- og starfsendurhæfing

Upplýsingar og skráning  
í síma 510 9380 eða  
á staðnum að Hátúni 10d.

Heimasíða: [www.hringsja.is](http://www.hringsja.is)  
Netfang: [hringsja@hringsja.is](mailto:hringsja@hringsja.is)  
Facebook: [facebook.com/hringsja](https://www.facebook.com/hringsja)



## Gróttukonur upp í Lengjudeildina



Gróttukonur tryggðu sér í september sæti í Lengjudeildinni næsta sumar. Gróttu endaði í 2. sæti 2. deildar kvenna með 34 stig og bestu markatölu deildarinnar.

Þessum árangri var fagnað vel á

Vivaldivellinum þegar lokaleikur stelpnanna fór fram föstudaginn 23. september. Til hamingju með árangurinn stelpur, þjálfarar og allir sem að liðinu koma.

## Sara Björk í Póllandi með U15



Sara Björk Arnarsdóttir á vellinum

Gróttukonan Sara Björk Arnarsdóttir tók nýverið þátt í UEFA development móttinu í Póllandi með U15 ára landsliðinu. Liðið lék þrjá leiki og fór með sigur í tveimur þeirra.

Fyrsti leikurinn var gegn Tyrkjum og var Sara Björk í byrjunarliði Íslands sem fór með 5-2 sigur. Næsti leikur var gegn Póllandi en

liðið tapaði 3-6 og kom Sara inn á þegar um 20 mínútur voru eftir af leiknum. Í þriðja leik Íslands var Sara aftur í byrjunarliði og vann Ísland góðan 2-0 sigur gegn Litháen. Knattspyrnudeild Gróttu er gríðarlega stolt af því að eiga fulltrúa í U15 ára landsliðinu og óskar Söru innilega til hamingju með árangurinn.



Frábær stemning var á Vivaldivellinum.

## Annar flokkur karla upp um deild

Frábær stemning var á Vivaldivellinum og fjöldi fólks í stúkunni þegar annar flokkur karla tryggði sér sæti í B-deild Íslandsmótsins í lok september.

Andstæðingar Gróttu var lið KR2 sem tefldi fram nokkrum sterkum leikmönnum í leiknum, þar sem jafnræði var með liðunum fyrsta hálf tímátt. Gróttu skoraði tvö mörk rétt fyrir leikhlé og í byrjun seinni hálfleiks gerðu strákarnir út um leikinn og komust í 4-0. Kjartan Kári Halldórsson var með tvö

mörk, Benjamin Friesen með eitt og eitt markanna var sjálfsmark. Halldór Orri Jónsson skoraði rétt fyrir leiklok og tryggði Gróttu 5-0 sigur og mikil gleði braust út í leiklok. Í sumar hefur liðsheildin í 2. flokknum verið sterk og leikmenn A- og B-liðsins staðið vel við bakið hvor á öðrum. Við óskum strákunum og þjálfurum þeirra, Arnari Þór Axelssyni og Dominic Ankers, innilega til hamingju með árangurinn.

## Tómas Johannessen valinn í leikmannahóp U17

Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari U17 landsliðs karla, hefur valið leikmannahóp til þátttöku í undankeppni EM 2023 sem fram fer í Norður-Makedóníu 22. október til 1. nóvember næstkomandi.

Liðið æfir í Miðgarði fyrir verkefnið dagana 20. og 21. október. Tuttugu leikmenn eru valdir í verkefnið og koma þeir frá 16 félögum. Gróttumaðurinn Tómas Johannessen hefur verið valinn í leikmannahópinn. Knattspyrnudeild Gróttu er gríðarlega hreykið af því að eiga fulltrúa í þessum hóp og óskar Tómasi innilega til hamingju og góðs gengis í þessu spennandi verkefni.





**GETRAUNANÚMER GRÓTTU**

# 170






# Þjálfarafundur hjá Gróttu



Ásdís Hjálmsdóttir fyrrverandi spjótkastari var með fyrirlestur.

Árlegur haustfundur fyrir þjálfara Gróttu var haldin miðvikudag-skvöldið 12 október. Eftir að íþróttastjóri félagsins hafi verið yfir praktísk mál var komið að gestafyrirlesara kvöldsins.

Það er hefð fyrir því að fá gest til að halda fyrirlestur fyrir þjálfaranna og að þessu sinni mætti Ásdís Hjálmsdóttir fyrrverandi spjótkastari og þrefaldur Ólympíufari. Hún hefur verið að sérhæfa sig í hugarfarsþjálfun og heldur úti sinni eigin heimasíðu <https://asdishjalmsdottir.com/isenska>

Fyrirlestur hennar var mjög áhugaverður þar sem hún byrjaði að ræða sína sögu þegar kemur að hugarþjálfun, hvenær og hvernig hún byrjaði að nota hugarfarsþjálfun og hvaða áhrif það hafði á hennar feril til þess að undirstrika mikilvægi hennar. Síðan fór hún nánar í 5 grunnaðferðir í hugarþjálfun til þess að þjálfararnir viti hvernig er hægt að gera þetta og geti kennt sínum iðkendum. Í lokin talaði hún svo um hlutverk þjálfarans í þessu öllu (þar sem það er nú einu sinni íþróttafólkið sjálft sem þarf að gera þetta) og hvernig þjálfarar geta tvinnnað hugarþjálfun inn í æfingarnar. Mjög góð mæting var á fundinn.

## GERÐU SKAMMDEGIÐ SKEMMTILEGT



**Nú er tíminn til að fara djúpt inn á við**  
Allskonar fallegar hugleiðsluvörur sem prýða bæði þig og heimilið.



**Töfrandi spáspil  
í skammdeginu**  
Undurfalleg tarot og spáspil.



**Möntrubönd**  
Möntruböndin falla aldrei úr gildi. Vinalegasta vinagjöf Systrasamlagsins í 8 ár.

### Arnfríður Auður valin í æfingahóp fyrir úrtaksæfingar U16

Magnús Örn Helgason, landsliðsþjálfari U16 kvenna, valdi æfingahóp til að taka þátt í úrtaksæfingum dagana 24. - 26. október.

Æft var í Miðgarði, Garðabæ. Gróttukonan Arnfríður Auður Arnarsdóttir, betur þekkt sem Aufi, var í þessum hóp en Aufi er einungis 14 ára gömul. Til æfinga að þessu sinni voru valdir 32 leikmenn frá 16 félögum. Knattspyrnudeild Gróttu er gríðarlega hreykið af því að eiga fulltrúa í þessum hóp.



#### Styrktu ónæmiskerfið

Bresku vítamínin, bætiefnin, jurtirnar og olíurnar frá Viridian eru eins hrein, lífræn og náttúruleg og mögulegt er að framleiða. Án fylliefna, aukaefna, "nastis", pálmolíu og síðferðislega unnin skv. ströngustu kröfum.

[www.grotta.is](http://www.grotta.is)



Afgreiðslutími:  
Mán: 10-16  
Þri-fös: 10-17  
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367





**Er kominn  
tími á  
seríurnar?**



SKOÐADU ÚRVALIÐ

*SAMAN Í  
60 ÁR*

**BYKO**  
GRANDI